

11. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 18. febrúar 2015 kl. 18:00.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hallur Halldórsson, Hróðný Hauksdóttir, Viktor S. Pálsson og Gissur Jónsson framkvæmdastjóri.

Sveinn Jónsson boðaði forföll.



1. Starfsmannamál

Hansína Kristjánsdóttir hefur sagt upp störfum sem bókari og lætur af störfum 28. febrúar. Henni eru þökkuð góð störf fyrir félagið undanfarin ár. Samþykkt að auglýsa starf bókara Umf. Selfoss á næstu vikum.

2. Endurnýjun samninga við Sveitarfélagið Árborg

Samþykkt að óska eftir viðræðum við Sveitarfélagið Árborg um endurnýjun samninga sem allra fyrst.

3. Sameiginlegur kynningardagur

Deildir félagsins hvattar til að sameinast um árlegan kynningardag þar sem íbúum sveitarfélagsins gefst kostur á að kynna sér starfsemi félagsins.

4. Búningamál

Farið yfir starf búninganefndar. Framkvæmdastjórn lýsir yfir ánægju með starf nefndarinnar og óskar eftir að ákvörðun liggi fyrir sem fyrst.

5. Ársreikningur

Framkvæmdastjórn fór yfir drög að ársreikningi.

6. Landsmót UMFÍ

Drög að reglugerð Landsmóta UMFÍ lögð fram til kynningar. Vísað til aðalstjórnar.

7. Íbúðakaup

Framkvæmdastjórn staðfestir kaupsamninga knattspyrnudeildar vegna íbúðakaupa.

8. Félagsaðstaða Umf. Selfoss

Farið yfir fund fulltrúa Umf. Selfoss með stjórnendum FSu og Sveitarfélagsins Árborgar. Tekið var jákvætt í erindi félagsins.

Fyrir liggur efniskostnaðaráætlun á breytingum á búningasklefum í Tíbrá.

9. Hjartastuðtæki

Samþykkt að óska eftir því að hjartastuðtæki verði komið upp í öllum íþróttamannvirkjum í Sveitarfélaginu Árborg.

10. Afreksmannasjóður

Samþykkt leiðrétting á úthlutun ársins 2014.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 18. mars kl. 18.00 í Tíbrá.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:47.
Gissur ritaði fundargerð.**